

Ísafjarðarbær  
Helga Þuríður Magnúsdóttir  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður

Reykjavík, 17. apríl 2023  
UST202304-024/A.B.  
10.04.02

## **Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008 – 2020 - Dagverðardalur**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Ísafjarðarbæjar er barst 4. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008 – 2020 fyrir Dagverðardal.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á íbúðarbyggð Í9 verður breytt í frístundabyggð fyrir 45 heilsárshús ásamt þjónustuhúsi.

### **Umhverfismat**

Í greinargerð segir að samhliða aðalskipulagsbreytingu verður unnið í deiliskipulagi fyrir svæðið.

Umhverfisstofnun bendir á að í 5.2.3. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, þar sem fjallað er um efni lýsingar, segir að í lýsingu skal gerð grein fyrir þeim þáttum í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til, m.a. (f) hvernig staðið verði að umhverfismati deiliskipulagsins skv. 5.4. gr. Því hefði verið æskilegt að það hefði komið fram í lýsingu hvaða umhverfispætti á að meta við gerð breytingartillögunnar og deiliskipulagstillögunnar.

Í greinargerð segir að tillaga að aðalskipulagsbreytingu hefur að markmiði að taka tillit til umhverfisverndarsjónarmiða og draga úr áhrifum á umhverfi. Hins vegar kemur ekki fram hvaða umhverfispætti á að skoða. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdir á svæðinu geti haft neikvæð áhrif á gróðurfar, fuglalíf, ásynd og landslag.

Auk þess bendir stofnunin á að samkvæmt leiðbeiningum Skipulagsstofnunar<sup>1</sup> eru umhverfisviðmið skilgreind sem umhverfisverndarmarkmið í stefnu stjórnvalda og viðmiðunarmörk í reglugerðum, lagaákvæðum eða alþjóðasamningum, sem umhverfisáhrif stefnumiða áætlunar eru borin saman við, svo hægt sé að taka afstöðu til vægis tiltekinna umhverfisáhrifa.

---

<sup>1</sup> <https://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/aaetlanamat.pdf>

**Efnistökusvæði**

Efnistökusvæði (E3) liggur nærri fyrirhugaðri frístundabyggð og virðist efnistökusvæðið farið að teygja sig yfir frístundasvæði F14, samkvæmt loftmyndum. Umhverfisstofnun telur að efnistaka með tilheyrandi umferð, hávaða og annarrar mengunar geti haft áhrif á gesti frístundsvæðisins og því mikilvægt að skoða þessa þætti nánar.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

***sérfræðingur***

Björn Stefánsson

***sérfræðingur***